

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020

Í aðgerðapakka borgarráðs vegna neikvæðra efnahagslegra áhrifa Covid-19 faraldursins er lögð til flýting fjárfestinga og viðhalds á vegum Reykjavíkurborgar til að auka atvinnu og umsvif í efnahagslífinu. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárfestingar borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja geti samanlagt orðið um 5 milljarðar króna á árinu og enn meiri árið 2021. Nú liggur fyrir í fjölmörgum skýrslum sem lagðar hafa verið fyrir skóla- og frístundaráð viðhaldspörf skólahúsnæðis í borginni og því lagt til í ljósi þeirra aðgerða sem borgarráð hefur boðað að ráðist verði í enn frekari aðgerðir vegna löngu tímabærra viðhaldsverkefna í grunn- og leikskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum borgarinnar strax á þessu ári. Á sama tíma og slík ráðstöfun yrði atvinnuskapandi yrði margra ára uppsafnaðri viðhaldspörf skólanna mætt.